

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Húnaþing vestra, 24. október 2025

**Efni:** Umsögn stjórnar SSNV um frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu). Mál nr. 153/2025.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra tekur jákvætt í frumvarpið og styður markmið þess um að færa stjórn veiða á grásleppu til fyrra horfs með endurupptöku leyfiskerfis í stað aflamarksstýringar. Að mati stjórnar er frumvarpið mikilvægt skref til að styrkja stoðir smábátaútgerðar, stuðla að fjölbreytni í sjávarútvegi og tryggja áframhaldandi atvinnu og búsetu í dreifðum sjávarbyggðum.

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er að stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustrar atvinnu og byggðar í landinu.

Kvótasetning á grásleppu mun leiða til samþjöppunar á aflaheimildum og takmarka mjög til frambúðar nýliðun innan smábátaútgerðar. Sérstaða grásleppu umfram aðra nytjastofna er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi áhrif hennar er á viðgang einstakra byggðarlaga.

Að mati stjórnar SSNV byggist frumvarpið á málefnalegum forsendum og samræmist bæði stjórnarskrá og stefnumótun stjórnvalda í byggðamálum. Það styrkir atvinnuöryggi í sjávarbyggðum og stuðlar að ábyrgri auðlindanýtingu. Stjórn SSNV styður því eindregið samþykkt frumvarpsins og hvetur Alþingi til að afgreiða það með jákvæðum hætti.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

*Sveinbjörg Rut Pétursdóttir*

Sveinbjörg/Rut Pétursdóttir,  
Framkvæmdastjóri